

Niðurstöður aðalfundar Eikar fasteignafélags hf.

Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. var haldinn fimmtudaginn 22. mars 2018 kl. 15:30 að Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, 105 Reykjavík.

Tillögur stjórnar sem lágu fyrir fundinn má finna á www.eik.is/fjarfestar/hluthafar

1. Ársreikningur

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2017.

2. Ráðstöfun hagnaðar félagsins á rekstrarárinu 2016

Aðalfundur samþykkti tillögur stjórnar um að greiða út 915.000.000 kr. í arð. Arðsákvörðunardagur er 22. mars 2018 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 26. mars 2018 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 23. mars 2018 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur verður 26. apríl 2018.

3. Þóknun fyrir stjórnarstörf

Aðalfundur samþykkti að stjórnar- og nefndarlaun verði eftirfarandi:

Laun hvers stjórnarmanns nemi 315.000 kr. á mánuði og stjórnarformaður fái greidd tvöföld laun eða 630.000 kr. á mánuði.

Laun nefndarmanna í starfskjaranefnd verði 250.000 kr. á ári og laun formanns starfskjaranefndar verði 375.000 kr. á ári.

Laun nefndarmanna endurskoðunarnefndar verði 21.000 kr. auk vsk. fyrir hvern unninn tíma og að formaður nefndarinnar fái 25.000 kr. auk vsk. fyrir hvern unninn tíma en þó skal aldrei greiða nefndarmönnum endurskoðunarnefndar á ársgrundvelli meira en sem nemur 20 tímum á hvern nefndarmann“.

4. Starfskjarastefna félagsins

Aðalfundur samþykkti starfskjarastefnu félagsins með þeim breytingum frá fyrra ári sem stjórn hafði lagt til.

5. Samþykktir félagsins

Aðalfundur samþykkti breytingar á samþykktum félagsins, eins og þær voru lagðar fyrir fundinn.

6. Kjör stjórnar

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins:

- Agla Elísabet Hendriksdóttir
- Arna Harðardóttir
- Eyjólfur Árni Rafnsson
- Frosti Bergsson

- Guðrún Bergsteinsdóttir



7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf. yrði endurkjörið endurskoðunarfélag Eikar fasteignafélags hf.

8. Önnur mál sem löglega eru fram borin

a) Umræða um tilnefningarnefnd

Samþykkt var eftirfarandi ályktun sem lögð fram fram af Gildi lífeyrissjóði:

„Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefna af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum og var honum slitið kl. 17:35.